



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Efnahags- og skattanefnd
Austurstræti 8 – 10

150 REYKJAVÍK

27.2. 2009

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, þingmál 321.

Stjórnarfrumvarp þetta felur í sér að allir einstaklingar sem eiga séreignarsparnað, í skilningi laganna, geti tímabundið leyst út fjárhæð allt að 1 m. kr. sem dreift yrði á níu mánuði, sem að öðrum kosti væri bundin til 60 ára aldurs. Tilfni þessarar breytingar eru þau efnahagslegu áföll sem dunið hafa yfir íslenskt samfélag á undanförunum mánuðum. Þótt tilgangur frumvarpsins sé að koma til móts við þá sem eiga í tímabundnum fjárhagserfiðleikum þá er heimildin ekki bundin við þá heldur er gert ráð fyrir að fjárhæðin sé einstaklingum til frjálsrar ráðstöfunar.

Grunnstoðirnar í lífeyriskerfi landsmanna eru réttindi hjá almannatryggingum og lífeyrissjóðum. Þriðja stoðin er viðbótarlífeyrissparnaður í séreign. Þessi leið er hugsuð til þess að stuðla að sveigjanlegri starfslokum og þess að brúa að hluta til bilið milli atvinnutekna og lífeyrisgreiðslna á fyrstu árum lífeyristöku. Fyrir liggur að breytt aldurssamsetning á komandi áratugum, þar sem í það stefnir að hlutföllin milli þeirra sem eru á vinnualdri og eftirlaunaþega verði tveir á móti einum í stað sex á móti einum undanfarin ár, muni rýra mjög getu samfélagsins til þess að standa undir eftirlaunagreiðslum af skattfé. Af þeim ástæðum er afar brýnt að standa vörð um kerfi söfnunarsjóða, bæði sameignar og séreignar, til að standa undir greiðslu lífeyris í framtíðinni.

Yfirstandandi erfiðleikar kalla á það að leitað sé allra leiða til þess að milda áhrif þeirra. Samtök atvinnulífsins telja því að takmörkuð heimild til útgreiðslu séreignarsparnaðar sé réttlætanagerð við núverandi aðstæður en að frumvarpið gangi heldur langt í því efni. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að samkvæmt lauslegu mati stærstu vörsluaðila geti allt að 40% af séreignarsparnaði fallið undir skilyrði frumvarpsins, eða 80-90 milljarðar króna. Ef heimildir skv. frumvarpinu verða nýttar í miklum mæli má búast við stóru auknu framboði verðbréfa sjóðanna til sölu á markaði, þar sem lítil eftirspurn er um þessar mundir, sem myndi líklega leiða til verðfalls á eignum sjóðanna og rýra þannig hag allra sjóðfélaga. Slík atburðarás gæti minnkað traust á og dregið úr þátttöku í þessari sparnaðarleið. Af þeirri ástæðu er mikilvægt að fara enn varlegar í sakirnar en frumvarpið gerir ráð fyrir.

Samtök atvinnulífsins leggja því til að skilyrðin fyrir heimild til útgreiðslu séreignarsparnaðar verði þrengd og einskorðist við einstaklinga sem orðið hafa fyrir tekjumissi af völdum efnahagsástandsins. Skilyrði fyrir útgreiðslu mætti útfæra þannig að einungis þeir sem misst hefðu atvinnu, þurft að sæta skertu starfshlutfalli eða tekjuskerðingu uppfylltu þau. Ganga verður út frá því að þeir sem ekki hafa orðið fyrir tekjumissi séu betur í stakk búnir til að mæta þeim erfiðleikum sem ganga yfir og geti leyst sín mál á grundvelli annarra úrræða stjórnvalda til lausnar á skuldavanda heimilanna.

Hluti séreignarsparnaðar er ávaxtaður á verðtryggðum reikningum með þriggja ára binditíma, en heimild til verðtryggingar innlána er bundin við þrjú ár skv. reglum Seðlabanka nr. 492/2001. Mikilvægt er vörsluaðilum verði heimilt að horfa fram hjá þessari þriggja ára reglu til að geta leyst út eignir sjóðfélaga í verðtryggðum innstæðum sem á útgreiðslutíma hafa



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

verið bundnar skemur en þrjú ár. Brýnt er að Alþingi tryggi að vörsluaðilar séreignasparnaðar fái undanþágu frá umræddu ákvæði reglna 492/2001 á meðan útgreiðslutímabil stendur yfir.

Samtök atvinnulífsins gera eftirfarandi athugasemdir við einstakar greinar:


3. gr. a-liður:

Í 1. mgr. komi 1. apríl í stað 1. mars þar sem frumvarpið verður ekki lögfest fyrr en eftir 1. mars, auk þess sem gefa þarf vörsluaðilum aðlögunartíma.

Í 2. mgr. er ákvæði um að réttthafar eigi rétt á því að fá greidda út 1 m.kr. samtals óháð því hvort samanlagður séreignarsparnaður er í vörslu eins eða fleiri vörsluaðila. Í ákvæðið vantar útfærslu á því hvernig þessu verði fylgt eftir. Ef engin eftirfylgni verður með þessu hámarki munu réttthafar eiga þess kost að flytja eignir milli sjóða og fá greidda 1 m.kr. frá hverjum og einum. Koma mætti í veg fyrir þennan möguleika með því að girða fyrir flutning á sparnaði milli sjóða á gildistíma laganna.

Útgreiðsla séreignarsparnaðar mun fela í sér kostnað fyrir sjóðina vegna umsýslu og innlausnar verðbréfa. Ekki er eðlilegt að sá kostnaður verði einungis borinn af þeim sjóðfélögum sem ekki nýta sér heimildina til útgreiðslu. Af þeirri ástæðu er lagt til að við bætist ný málsgrein sem verði svohljóðandi: „Vörsluaðila séreignasparnaðar er heimilt að innheimta þóknun til þess að mæta þeim kostnaði sem hlýst af útgreiðslu á grundvelli þessa ákvæðis.“

Virðingarfyllst,



Hannes G. Sigurðsson,
aðstoðarframkvæmdastjóri SA



Bjarni Már Gylfason
hagfræðingur SI